

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 908/2004

frá 29. apríl 2004

um aðlögun nokkurra reglugerða um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins vegna aðildar Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu að Evrópusambandinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, einkum 3. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, einkum 2. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að gera tilteknar tæknilegar breytingar á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins til að unnt sé að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðlögunum vegna aðildar Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu (hér á eftir nefnd „nýju aðildarríkin“) að Evrópusambandinu.
- 2) Í 1. mgr. 52. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1623/2000 frá 25. júlí 2000 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins með tilliti til markaðsaðferða<sup>(1)</sup> er mælt fyrir um viðmiðunartímabil fyrir þau aðildarríki sem eru framleiðsluríki. Ákveða skal viðmiðunartímabil fyrir nýju aðildarríkin.
- 3) Ákvæði 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 883/2001 frá 24. apríl 2001 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar viðskipti með afurðir í vingeiranum við þriðju lönd<sup>(2)</sup> innihalda tilteknar færslur á öllum tungumálum aðildarríkjanna. Þessi ákvæði skulu einnig innihalda útgáfur á tungumálum nýju aðildarríkjanna.

4) Í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2001 og í I. og IV. viðauka við hana eru tilvísanir til nokkurra af hinum nýju aðildarríkjum sem þriðju lands. Þær tilvísanir skal fella brott.

5) Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarleg framkvæmdaákvæði varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan vingeirans<sup>(3)</sup> er að finna færslu á öllum tungumálum aðildarríkjanna. Það ákvæði skal einnig innihalda útgáfur á tungumálum nýju aðildarríkjanna.

6) Í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða<sup>(4)</sup> er að finna tilteknar færslur á öllum tungumálum aðildarríkjanna. Þau ákvæði skulu einnig innihalda útgáfur á tungumálum nýju aðildarríkjanna.

7) Í VIII. viðauka við þá reglugerð er að finna tilvísun til Ungverjalands sem þriðja lands. Þá tilvísun skal fella brott.

8) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1623/2000, nr. 883/2001, nr. 884/2001 og nr. 753/2002 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í þriðju undirgrein 1. mgr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1623/2000 er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„—1997/98 til 2002/03 í Tékklandi, á Kýpur, í Ungverjalandi, á Möltu, í Slóveníu og Slóvakíu.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 45. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1710/2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 98).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2338/2003 (Stjtið. ESB L 346, 31.12.2003, bls. 28).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 32. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1782/2002 (Stjtið. EB L 270, 8.10.2002, bls. 4).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 316/2004 (Stjtið. ESB L 55, 24.2.2004, bls. 16).

## 2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2001 er breytt sem hér segir:

## 1. Í stað annarrar undirgreinar í 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„Í reit 20 á innflutnings- og útflutningsleyfum skal vera ein af eftirfarandi færslum:

- „Tolerancia de 0,4% vol“
- „Přípustná odchylka 0,4% obj.“
- „Tolerance 0,4% vol“
- „Toleranz 0,4% vol“
- „Lubatud 0,4 mahuprotsendi suurune hálve“
- „Αvoχή 0,4% vol“
- „Tolerance of 0,4% vol.“
- „Tolérance de 0,4% vol“
- „Tolleranza di 0,4% vol“
- „0,4 tilp.% pielaide“
- „Leistinas nukrypimas 0,4 tūrio %“
- „0,4 térfogat-százalékos tūrés“
- „Varjazzjoni massima ta' 0.4 % vol.“
- „Tolerantie van 0,4% vol“
- „Tolerancja 0,4% obj.“
- „Tolerância de 0,4% vol“
- „Přípustná odchylka 0,4% obj.“
- „Odstopanje 0,4 vol.%“
- „Sallittu poikkeama 0,4 til — %“
- „Tolerans 0,4 vol %“

## 2. Í 11. gr. komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Í leyfin skal a.m.k. skrá eina af eftirfarandi færslum í reit 22:

- Restitución válida para... (cantidad por la que se haya expedido el certificado) como máximo
- Náhrada platná nejmýše pro ... (mnoství, na ně byla vydána licence)
- Restitutionen omfatter højst... (den mængde, licensen er udstedt for)
- Erstattung gültig für höchstens... (Menge, für die die Lizenz erteilt wurde)
- Toetus ei kehti rohkem kui... (kogus millele litsents on väljastatud)
- Επιστροφή που ισχύει για... (ποσότητα για την οποία εκδίδεται το πιστοποιητικό) κατ' ανώτατο όριο
- Refund valid for not more than ... (quantity for which licence is issued)
- Restitution valable pour ... (quantité pour laquelle le certificat est délivré) au maximum
- Restituzione valida al massimo per... (quantitativo per il quale è rilasciato il titolo)

— Atmaksā ir spēkā par ne vairāk kā... (daudzums, par ko izdota licence)

— Graĩnamoji išmoka mokama ne daugiau kaip u ... (nurodomas kiekis, kuriam išduota licencija)

— Legfeljebb ...-re (az a mennyiség, amelyre az engedélyt kiadták) érvényes visszatérítés

— Valur mrodd lura ta' mhux aktar minn ... (ammont mahrug fil. licenzja)

— Restitutie voor ten hoogste... (hoeveelheid waarvoor het certificaat is afgegeven)

— Refundacji udziela się na nie więcej niż ... (ilość, na którą wydano licencję)

— Restituição válida para ... (quantidade em relação à qual é emitido o certificado), no máximo

— Náhrada platná pre nie viac ako ... (mnostvo, na ktoré je licencia vydaná)

— Nadomestilo velja za največ ... (količina za katero je izdano dovoljenje)

— Vientituki voimassa enintään... (määrä, jolle todistus on annettu) osalta

— Bidrag som gäller för högst... (kvantitet foer vilken licensen skall utfärdas).“

## 3. Ákvæðum 33. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr. falli a-liður brott,

b) í stað inngangssetningarinnar í 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar b-, c- og d-lið 1. mgr. skal opinber stofnun upprunalands, sem heimilt er að semja skjal V I 1, eins og um getur í þessari reglugerð, skrá eftirfarandi í reit 15 í því skjali:“

## 4. Í stað I. viðauka komi I. viðauki við þessa reglugerð.

## 5. Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

## 3. gr.

Í stað annarrar undirgreinar í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 884/2001 komi eftirfarandi:

„Tollskrifstofan á útflutningsstað frá tollsvæði Bandalagsins skal rita á afritin tvö af flutningsskjalinu og löggilda með stimpli eitt af eftirfarandi orðum:

„EXPORTADO“, „VYVEZENO“, „UDFØRSEL“, „AUSGEFÜHRT“, „EKSPORDITUD“, „ΕΞΑΧΘΕΝ“, „EXPORTED“, „EXPORTÉ“, „ESPORTATO“, „EKSPORTĚTS“, „EKSPORTUOTA“, „EXPORTÁLVA“, „EXPORTAT“, „UITGEVOERD“, „WYWIEZIONO“, „VYVEZENĚ“, „IZVOENO“, „VIETY“, „EXPORTERAD“

Hún skal afhenda útflytjanda eða fulltrúa hans stimpluðu afritin með þessari áritun. Hann skal tryggja að eitt afrit fylgi útlutlu afurðinni við flutning.“

## 4. gr.

Reglugerð (EB) nr. 753/2002 er breytt sem hér segir:

## 1. Í stað 1. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„1. Að því er varðar annan undirlið a-liðar 1. liðar B-þáttar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 má eingöngu nota eftirfarandi heiti til að merkja borðvín, borðvín með landfræðilegum merkingum og gæðavin f.t.h., að undanskildum gæðalíkjörvínunum f.t.h. og hálfreyðandi gæðavinunum f.t.h. sem falla undir b-lið 1. mgr. 39. gr.:

a) „seco“, „suché“, „tør“, „trocken“, „kuiiv“, „ξηρός“, „dry“, „sec“, „secco“, „asciutto“, „sausais“, „sausas“, „száraz“, „droog“, „wytrawne“, „suho“, „kuiiva“ eða „torrt“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni séu ekki meiri en:

i) 4 grömm á lítra; eða

ii) 9 grömm á lítra, að því tilskildu að heildarsýruinnihald, gefið upp sem grömm af vínsýru á lítra, sé ekki meira en 2 grömmum lægra en magn sykurleifa,

b) „semisecco“, „polosuché“, „halvtør“, „halbtrocken“, „poolkuiiv“, „ημίξηρος“, „medium dry“, „demi-sec“, „abboccato“, „pussausais“, „pusiau sausas“, „félészáraz“, „halfdroog“, „półwytrawne“, „meio seco“, „adamado“, „polsuho“, „puolikuiiva“ eða „halvtorrt“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni sé umfram það hámark sem getið er í a-lið en þó ekki meira en:

i. 12 grömm á lítra; eða

ii. 18 grömm á lítra, þar sem lágmarksheildarsýruinnihald hefur verið ákveðið af aðildarríkjunum samkvæmt 2. málsgrein,

c) „semidulce“, „poloslade“, „halvsød“, „lieblich“, „poolmagus“, „ημίγλυκος“, „medium“, „medium sweet“, „moelleux“, „amabile“, „pussaldais“, „pusiau saldu“, „félédes“, „halfzoet“, „pólsłodkie“, „meio doce“, „polsladko“, „puolimakea“, eða „halvsött“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni sé umfram það hámark sem getið er í b-lið en þó ekki meira en 45 grömm á lítra,

d) „dulce“, „sladké“, „sød“, „süss“, „magus“, „γλυκός“, „sweet“, „doux“, „dolce“, „saldais“, „saldu“, „édes“, „helu“, „zoet“, „słodkie“, „doce“, „sladko“, „makea“ eða „sött“, með því skilyrði að magn sykurleifa í viðkomandi víni sé a.m.k. 45 grömm á lítra.“

## 2. Í VIII. viðauka falli 2. liður brott.

## 5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, og á gildistökudegi hans.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

## ÚTGÁFA INNFLUTNINGSLEYFA

## Tilkynningar skv. 5. gr.

Tímabilið frá ... til ...

Magn í hl

Kóði	Upprunaland	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
036	Sviss									
800	Ástralía									
o.s.frv.	o.s.frv.									
	Öll þriðju lönd									

Afurðatölur eru settar upp í dálkum sem hér segir:

- 1: freyðivín,
- 2: rauðvín og rósavín,
- 3: hvítvín,
- 4: líkjörvín,
- 5: styrkt vín,
- 6: þrúgusafi og þrúgumust,
- 7: þrúgusafþykkni og þrúgumustþykkni,
- 8: hálfreyðandi vín,
- 9: aðrar afurðir, sem skal tilgreina í athugasemd.“

*II. VIÐAUKI*

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2001 komi eftirfarandi í stað textans undir fyrirsögnunum „svæði 3“ og „svæði 4“:

„SVÆÐI 3: AUSTUR-EVRÓPA OG LÖND Í SAMVELDI SJÁLFSTÆÐRA RÍKJA

Albanía, Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Georgía, Kasakstan, Kirgisistan, Moldóva, Rússland, Tadsjikistan, Túrkménistan, Úkraína, Úsbekistan.

SVÆÐI 4: VESTUR-EVRÓPA

Andorra, Ceuta og Melilla, Gíbraltar, Færeyjar, Ísland, Liechtenstein, Noregur, San Marínó, Vatíkanið.“

---